

LJÓSIÐ

Löjubjálfnir í Ljósinu

.....
Aftur til vinnu eða náms

.....
Slökun skiptir máli

.....
Mikilvægi næringar

.....
Siggi Hallvarðs

.....
Hóparnir í Ljósinu



Endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir
krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra

Langholtsvegi 43 104 Reykjavík Sími 561 3770 ljositd@ljositd.is www.ljositd.is



Formannspistill Ljósið fyrir Ljósbera!

Það er öllum einstaklingum þungbært að greinast með alvarleg veikindi og áfallið reynist ekki minna fyrir aðstandendur

og vini. Við slíkar aðstæður er aðilum oftast en ekki kippt út af vinnu- markaði og veikindin sem slík auka á andlega og líkamlega streitu og vanlíðan. Margir hlutir sem áður voru sjálfsgæðir verða erfiðir og jafnvel óframkvæmanlegir. Það er því aðáunartvert hversu margir taka þessu hlutskipti sínu af einurð og festu, ákveðinir í því að ná bata. Það að greinast með krabbamein er vissulega erfitt en um leið þroskandi verkefni.

Á degi hverjum er húsnæði Ljóssins yfirfullt af hvunnadagshetjum sem hver með sínu lagi heyr baráttu við veikindi eða stendur að einni slíkri. Það er gott til þess að vita hversu margir telja sig eiga erindi í Ljósið við slíkar aðstæður og undirstrika það að starfsemi okkar gerir þeim gagn. Nú þegar áttunda starfsár Ljóssins er nýafstaðið er forvitnilegt að rifja upp eftirfarandi fréttatilkynningu sem birtist í Morgunblaðinu þann 25. nóvember 2005 en þar segir:

LJÓSIÐ, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda, og aðstandendur þeirra, hefur verið stofnað. Félagið er til húsa í gamla safnaðarheimilinu í Neskirkju og er nú opin þriðjudaga til föstudaga.

Ljósið mun veita viðtækan stuðning við krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra. Stuðningurinn miðar að því að mæta þeirri brýnu þörf sem til staðar er, en miðstöð á borð við Ljósið hefur ekki verið starfrækt á Íslandi fyrr en nú.

Í boði verður einstaklings- og hópastarf sem hefur það að markmiði að efla athafnir daglegs lífs, auka frumkvæði og sjálfstraust, draga úr kviða og streitu, efla félagsleg tengsl, heilsu og lífsgæði almennt. Iðjuþjálfar hefur yfirumsjón með starfinu í dag og stefnt er að því að fá fleiri fagaðila að verkefninu.

Ljósið býður nú upp á jóga þriðjudaga og fimmtudaga kl. 11.00, sjálfstyrkingu og slökun miðvikudaga kl. 13.00 og listasmiðjur föstudaga kl. 12.30.

Þegar þessi gamla fréttatilkynning er lesin má berlega sjá hversu mikið hefur áunnist í starfi Ljóssins og hversu vel við höfum staðið við þau áform sem sett voru í upphafi. Ljósið er nú rekið í eigin



húsnæði að Langholtsvegi 43 og fullyrða má að flestir landsmenn hafi heyrt um starfsemi Ljóssins og viti hvað það stendur fyrir. Þrátt fyrir takmarkaðan opinberan stuðning höfum við náð að byggja upp metnaðarfullt starf sem leitt er áfram af fagaðilum á mörgum sviðum og dagskrá sú sem boðið er upp á er afar fjölbreytt. Til Ljóssins leita nú um 300 manns í hverjum mánuði og mikil fjölgun hefur átt sér stað á undanförunum mánuðum. Það má því fullyrða að brýn þörf sé á þeirri þjónustu sem Ljósið veitir.

Við sem stýrum Ljósinu höfum háð áralanga baráttu fyrir auknu fjármagni frá hinu opinbera og þegar þetta er skrifað sér því miður enn ekki fyrir endann á þeirri atögu. Með ómetanlegri aðstoð fjölmargra fyrirtækja, félaga og einstaklinga höfum við rekið félagið réttu megin við núllið undanfarin ár en allt of mikill tími og orka fer í slíkar aðgerðir sem betur væri varið í þágu okkar Ljósbera. Við bindum miklar vonir við þá vinnu sem við höfum átt með fulltrúum ríkisvaldsins og vonum að brátt rofi til í þeim málum.

Vissulega væri óskandi að ekki væri þörf fyrir þá þjónustu sem veitt er í Ljósinu og allir landsmenn nyttu góðrar heilsu. Því miður er því ekki þannig farið. Hverjum þeim sem kemur í Ljósið er vel tekið og hann fær vandaða þjónustu og leiðsögn fagfólks. Ósk okkar í Ljósinu er að ná til sem flestra sem greinast með krabbamein enda erum við fullviss um það að þjónusta okkar eigi erindi við þá og að flestir finni sér dagskrá við sitt hæfi.

Ég vil því skora á alla krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra að kynna sér starfsemi okkar!

Margrét Frímansdóttir gekk úr stjórn Ljóssins á síðasta aðalfundi en Margrét hefur verið í stjórn félagsins frá upphafi og var fyrsti formaður stjórnar þess. Margrét hefur á þessum tíma reynst Ljósinu ómetanlegur liðsmaður og vil ég nota tækifærið og þakka Margréti hennar störf í þágu Ljóssins.

Tómas Hallgrímsson
Formaður stjórnar Ljóssins

Merki Ljóssins

Merki Ljóssins er hannað af Önnu Þóru Árnadóttur sem starfar á auglýsingastofunni EnnEmm. Hún útskýrir hönnunina á eftirfarandi hátt:

„Hinn heiti, rauði litur merkisins táknar hlýju og styrk. Form merkisins er þríþætt: Innsti hlutinn er logandi ljós, tákn fyrir lífið sjálft. Hvíti hluti merkisins er mannsmynd sem umfaðmar Ljósið. Loks myndar ysti hlutinn skjól um Ljósið.“

Það var velunnari Ljóssins sem gaf kostnaðinn við gerð merkisins og greiddi jafnframt fyrir fyrsta upplag af bréfsefni og umslögum sem því skarta.

Við þökkum innilega fyrir veglega gjöf.



LJÓSIÐ

Ljósið, 1. tölublað, 7. árgangur, 2013.

Útgefandi og ábyrgðaraðili: Ljósið – endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra. Langholtsvegi 43, 104 Reykjavík. Sími: 561 3770. Netfang: ljosisid@ljosisid.is. **Styrktarreiðingur Ljóssins er: 0130-26-410420, kennitala: 590406-0740.**

Ritstjóri og höfundur efnis: Sigurður Ólafsson - sigurdurrolafsson@gmail.com. **Umbrot og prentun:** Litlaprent.

Stjórn Ljóssins: Formaður: Tómas Hallgrímsson, viðskiptafræðingur. Varaformaður: Friðrik Larsen, Lektor við HR. Gjaldkeri: Jón Eiríksson, lögmaður. Ritari: Hulda Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi Reykjavíkurborgar. Stjórnarmaður: Helgi Sigurðsson, krabbameinssérfræðingur, prófessor. **Forstöðumaður Ljóssins:** Erna Magnúsdóttir, iðjuþjálfari.

Efnisyfirlit

Formannspistill 2	Við vísum engum frá 12-13
Ljósíð fyrir Ljósbera!	Iðjuþjálfar
Merki Ljóssins 2	Mín gæfa að kynnst Ljósinu 14
Bókahorn 4	Ragnheiður Haraldsdóttir
Holl næring mikilvæg 6	Verndargripurinn Von hafsins 15
Rannveig Björnsdóttir	Myndaopna 16-17
Hárkolluþjónusta 6	Mikilvægi slökunarmeðferða 18
Safnað fyrir metupphæð í maraþoni 7	Gríðarlega mikill stuðningur 19
Geng alla leið fyrir Ljósíð 8-9	Reynir Lord
Sigurður Hallvarðsson	Hópar í Ljósinu 20
Aftur af stað til vinnu eða náms 10	Skemmtilegi hópurinn hennar Berglindar 21
Rannveig Björk Gylfadóttir og Unnur María Þorvarðardóttir	Uppskriftir fyrir Ljósíð 22-23
Stór rannsókn á heilsufari og lífsstíl 11	Kærkomnar breytingar á Langholtsveginum 24
Haukur Guðmundsson	Styrktaraðilar 26-31



IÐA
ZIMSEN-BÓKABÚÐ & KAFFIHÚS
VESTURGATA 2A SÍMI 511-5004

Bókahornið

Við vekjum athygli Ljósbera og annarra á eftirfarandi bókum sem á einn eða annan hátt tengjast því starfi sem unnið er í Ljósinu:



SMILER EFTIR GEGGU BIRGISDÓTTUR

Í þessari bók lærir þú um mátt þess að brosa og hversu megnug við erum þess að skapa. Sannar sögur höfundar krydda á skemmtilegan hátt töfra þessarar speki.

Geggja hefur 30 ára reynslu sem hjúkrunarfræðingur og starfar nú á geðsviði LSH. Hún er einnig frumkvöðull og myndlistarkona. Andleg fræði eru henni hugleikin og hefur hún m.a. sótt þekkingu sína í fjölda námskeiða erlendis.

Bókin skiptist í tvennt og er annar helmingurinn á ensku og heitir: SMILER can change it all.


AÐ VELJA GLEÐI EFTIR KAY POLLAK

Vilt þú gleðiríkara líf? Í bókinni Að velja gleði kennir Kay Pollak þér að velja gleðina.

Bókin er sérlega auðlesin og áhrifarík fyrir þá sem finna að þeir vilja komast lengra með sjálfa sig. Vegna uppbyggingar bókarinnar hentar hún bæði þeim sem eru að leggja af stað út á sinn innri þroskastíg og líka þeim sem eru komnir spölkorn áleiðis.

Að velja gleði færir þér verkfæri í hendur svo þú eigir auðveldara með að verða „sú/sá sem þér er ætlað að vera“. Öruggari og hugrakkari. Einlægari og kraftmeiri. Dag eftir dag, viku eftir viku. Í stuttu máli sagt, svo líf þitt verði gleðiríkara.

Kay Pollak er einn vinsælasti fyrirlesari Svíþjóðar á þessu sviði. Að velja gleði hefur selst í yfir 500.000 eintökum í Svíþjóð og auk þess verið þýdd á fjölmörg önnur tungumál. Pollak er einnig kvikmyndaleikstjóri en síðasta kvikmynd Pollaks, Sö som i himmelen (2004), var tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta erlenda myndin.



MÁTTURINN Í NÚINU EFTIR ECKHART TOLLE

Hér er um alþjóðlega metsölubók að ræða. Höfundurinn Eckhart Tolle fæddist í Þýskalandi en býr nú í Kanada og starfar þar sem ráðgjafi og kennari í andlegum málefnum. Höfundurinn varð 29 ára gamall fyrir reynslu sem kippti honum ekki aðeins út úr langvarandi kvíða og þunglyndi heldur inn í þann frið sem ekki hefur yfirgefið hann síðan.

LYFJASTRÁKURINN LÚLLI EFTIR HELLE MOTZFELD

Að lokum vekjum við athygli á barnabókinni Lyfjastrákurinn Lúlli og eltingaleikurinn við fýldu krabbameinsfrumurnar. Þetta er dönsk saga fyrir yngri börn sem Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna gaf út í íslenskri þýðingu á sínum tíma. Í bókinni eru krabbamein og krabbameinsmeðferð skýrð í söguformi fyrir börn. Bókin er ekki lengur til sölu í bókabúðum en er til á bókasöfnum.




Lykilinn að þægindum -

CF2+ þráðlausar gólfhitastýringar frá Danfoss

Danfoss er ekki bara orðið alþekkt samheiti yfir hitastjórnþúnað. Í meira en 75 ár höfum við framleitt allt frá smæstu íhlutum upp í heil hitaveitukerfi. Öll þessi ár höfum við haft það að leiðarljósi að viðskipti þín við okkur séu hagkvæm. Það er leiðarljós okkar núna, og mun verða í framtíðinni.

Áratuga reynsla okkar hefur skipað okkur í fremstu röð þegar litið er til nýsköpunar. Vöruþróun okkar stjórnast af þörfum viðskiptavinanna. Þess vegna erum við í fararbroddi þegar litið er til íhluta, sérfræðiþekkingar og heildarlausna fyrir hitastjórnþúnað og kerfi.



Við stefnum stöðugt að því að bjóða vörur og lausnir sem færa notendum háþróaða notenda- og umhverfisvæna tækni, lágmarks viðhald, hámarks þjónustu og hámarks hagkvæmni.

CF2+ þráðlausar gólfhitastýringin er gott dæmi um það, smekkleg hönnun, áreiðanleg tækni, einföld í uppsetningu og notkun. Færir þér nákvæma hitastýringu í hvert herbergi og hámarkar þar með þægindin.

Danfoss stjórnþúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

Danfoss hf. • Skútuvoði 6 • 104 Reykjavík • Sími: 510 4100 • veffang: www.danfoss.is

Holl næring mikilvæg

Rannveig næringarfræðingur – viðtal um mikilvægi næringar krabbameinsgreindra

Mikil vakning hefur orðið á undanförunum árum á mikilvægi hollrar næringar. Það sem áður þótti sérvíska er nú orðið að almennum lífsstíl og flestum er ljóst að tengsl eru á milli mataræðis og líkamlegs og jafnvel andlegs ástands.

Ljósíð hefur frá upphafi lagt áherslu á mikilvægi hollrar fæðu í sinni fræðslu og starfi. Ein af þeim sem lengi hefur starfað við ráðgjöf í Ljósinu er Rannveig Björnsdóttir næringarfræðingur (M.Sc.). Hún veitir bæði einstaklingsbundna ráðgjöf og kemur inn í námskeið á vegum Ljóssins þar sem hún fer yfir mikilvægustu þætti hollrar næringar.

Víðtæk reynsla

Óhætt er að segja að næringarráðgjöf Rannveigar byggist á óvenju víðtækri reynslu. Hún greindist sjálf með krabbamein fyrir nokkrum árum og þekkir hlutina því frá báðum hliðum. Auk þess að vera næringarfræðingur er hún líka heilsunuddari og hefur enn fremur lært grasa- og náttúrulækningar.

Rannveig tekur undir það að mikil vakning hafi orðið um mikilvægi næringar á undanförunum árum: „Það er raunar svo að stundum hef ég litlu við það að bæta sem fólk er að gera. Margir fara nefnilega hárrétt að þegar þeir breyta mataræði sínu til hins betra, t.d. þegar þeir gangast undir eða eru að byggja sig upp eftir krabbameinsmeðferð. Þá er í raun lítið annað að gera en að hrósa fólki fyrir að vera á réttu braut.“

Leiðbeint framhjá töfralausnum

Hún segir að næringarráðgjöf byggist að miklu leyti á almennri skynsemi og að í raun leggi hún sama mataræðið til við alla, jafnt fullfríska sem þá sem eru að kljást við eða jafna sig á



krabbameini: „Þegar fólk greinist með krabbamein lendir það oft í miklu ytra áreiti þar sem margt velmeinandi fólk er með alls konar tillögur að því hvað beri að gera til að takast á við meinið. Þetta eru oft misvísandi ráð og oftast en ekki töfralausnir sem öllu eiga að bjarga. Fólk getur orðið ringlað við þetta og þá get ég leiðbeint fólki og hjálpað því við að finna sína eigin leið.“

Hún telur að þegar hjálpa á einstaklingi að breyta mataræði sé mikilvægt að efla áhugahvöt hans og aðstoða hann við að setja sér persónuleg markmið sem eru viðráðanleg. Hafa ber í huga að slíkar breytingar geta tekið tíma og eru engin skyndilausn, heldur lífsstíll.

Rannveig mælir almennt með neyslu hollrar fæðu en varast að fullyrða um áhrif viss matar á krabbamein enda rannsóknir á slíku oft skammt á veg komnar: „Rannsóknir hafa þó sýnt að ýmis plöntuefni sem eru t.d. í grænmeti og ávöxtum geta hindrað krabbameinsmyndun, það virkar ekki að einangra þessi efni úr fæðunni í bætiefnaformi, heldur eru það samlegðaráhrif þeirra. Það gildir því sama fyrir alla að borða fyrst og fremst hollan og næringarrikan mat. Mikið grænmeti en minna af unnum mat, söltuðum og reyktum.“

Háarkollupjónusta

Heildsalan Hár ehf. er einn þeirra aðila sem veita þjónustu við hárkolluvinnu og ráðgjöf, mátun, klippingu og formun á kollum. Elsa Haraldsdóttir hjá Hár ehf. segir að mikilvægt sé að stílísera kolluna rétt eftir persónuleika viðskiptavinarins. Einnig er boðið upp á svokallaða T-toppa sem settir eru ofan á kollinn, eins og tíðkast með hárlengingar. Allar þessar tegundir eru úr ekta hári.

Elsa segir að þau hafi flutt inn hár frá sama aðila í 10 ár og viðskiptavinirnir hafi gefið vörunni góða einkunn. Hægt er að hafa samband og panta tíma hjá Hár ehf. sem staðsett er á sama stað og hárgreiðslustofan Salon Veh í Húsi verlsunarinnar.



Safnað fyrir metupphæð í maraþoni

Vanir maraþonhlauparar eru sjálfsagt margir farnir að kannast við fastan punkt á leið sinni í Reykjavíkurmaraþoninu ár hvert þar sem rauðklædd og glaðvær hersveit Ljósbera stillir sér upp gegnt JL-húsinu á mótum Hringbrautar og Eiðisgranda.

Klappliðið rauðklædda var að sjálfsögðu á sínum stað í ár líka og hvatti bæði sitt stuðningsfólk áfram og aðra hlaupara.

Í ár tóku 344 hlauparar sprettinn fyrir Ljósíð og enn eitt árið var met slegið í upphæð áheita, alls söfnuðust rétt rúmar sjö milljónir króna.

Ljósíð þakkar hlaupurum, klappliði og þeim sem gáfu áheit kærlega fyrir góðan dag.



.IS

skráðu þitt **.is** lén
www.isnic.is

ISNIC | Internet á Íslandi hf. | s. 578 2030 | www.isnic.is

Við styrkjum Ljósíð



Alþýðusamband Íslands



„Geng alla leið fyrir Ljósíð“

Áhugafólk um íslenska knattspyrnu kannast flest við nafn Sigurðar Hallvarðssonar eða Sigga Hallvarðs, eins og hann er yfirleitt kallaður. Sigggi kom víða við en er þekktastur sem einn af skæðustu framherjum Þróttar um árabil og er einn helsti markaskorari félagsins gegnum tíðina.

Sigggi hefur undanfarin ár barist við krabbamein og hefur á þeim tíma sótt Ljósíð og lagt sig allan fram um að styðja sem best við starfið þar. Hann hefur meðal annars látið til sín taka þegar eitthvað þarf að útvega eða safna þarf fyrir samtökin og virkjað fólk úti í bæ til þess að leggja starfsemiinni lið. Þess á milli hefur Sigggi létt Ljósberum lífið með gáska og fíflalátum en hann hefur alla tíð verið þekktur fyrir jákvæðni og létta lund.

Nú síðsumars ákvað Sigggi svo að toppa allt það sem hann hefur áður lagt til Ljóssins með því að efna til áheitaöngu frá Hveragerði til Reykjavíkur. Alls söfnuðust 10 milljónir króna vegna áheitaöngunnar. Sjálfur segist hann bara hafa verið að þakka fyrir sig og það sem Ljósíð hefur gert fyrir hann og fjölskyldu hans.

Tímaritið hitti Sigga og Ingu, konuna hans, fyrr í haust til að spjalla um áheitaönguna og baráttuna við krabbameinið.

„Hefur veitt mér mikinn styrk“

Sigggi, Inga og strákarnir þeirra hafa kynnst Ljósinu frá mörgum hliðum frá því að þau komu þangað fyrst inn fyrir fimm árum. Sigggi kemur nánast daglega í Ljósíð, hefur verið með á ýmsum námskeiðum og tekið að sér ýmis verkefni fyrir miðstöðina. Sama má segja um Ingu og strákana sem t.d. hafa sótt aðstandendanámskeið Ljóssins gegnum tíðina.

Inga er ánægð með þann anda sem ríkir í Ljósinu: „Hér starfar fólk sem leggur mikið á sig í starfi og hringir jafnvel utan vinnutíma í Sigga til að athuga hvernig hann hefur það. Svona eldmóður smitar út frá sér til Ljósberanna sem líka vilja leggja sitt af mörkum til starfsins.“



Sigggi samsinnir þessu og segir að hann sé aldrei svo illa stemmdur þegar hann kemur inn í Ljósíð að hann sé ekki kominn í gott skap þegar hann gengur þaðan út aftur. Honum finnst mikilvægt að fleiri karlar láti sjá sig í Ljósinu: „Ég ætlaði ekkert að koma hingað fyrst, mér fannst ég ekki vera krabbameinssjúklingur og vildi bara vinna á þessu sjálfur. Nú kem ég hingað nánast daglega og sé ekki eftir því. Það hefur veitt mér mikinn styrk og mér heyrir á fólki að það kunni að meta nærveru mína.“

Vantar fleiri miðaldra karla í Ljósíð

Inga bætir því við að það hafi vantað ákveðna hóp í Ljósíð, t.d. karlmenn á miðjum aldri og þau hafa bæði velt því fyrir sér af hverju fleiri þeirra láta ekki sjá sig í starfinu: „Maður vonar alla vega að þeir séu að leita sér úrræða í stað þess að ætla sér að komast í gegnum ferlið hjálparlaust. Það er klárlega hluti af bataferlinu að hitta aðra.“

Sigggi segir að þægilegasta lausnin geti í fljótu bragði verið sú að leggjast í kör og loka sig af en það sé vont ráð til lengri tíma: „Eitt af markmiðum söfnunarinnar og fjölmiðlaathyglinnar í



kringum hana var einmitt að koma fram sem fyrirmynd fyrir aðra karla á miðjum aldri og sýna að þeir eigi sama erindi í Ljósíð og allir aðrir.“

Gangan mikið ævintýri

Gangan sjálf fór fram í lok ágúst og Siggi segir að hún hafi verið ævintýri út af fyrir sig: „Við lögðum af stað í svartamykri og frekar leiðinlegu veðri frá Hveragerði. Þegar við vorum komin upp á heiði kom Inga, sjúkrapjálfafrinn minn, með stafla af pönnukökum og við tókum dansspor við sama tilefni. Ég held að strákarnir mínir hafi haldið að þarna væri pabbi þeirra endanlega genginn af göflunum! Það var síðan táknrænt fyrir málstaðinn að sjá ljósin í bænum þarna í myrkrinu uppi á heiðinni. Við komum svo við í Litlu kaffistofunni og fengum okkur kaffi og meðlæti og héldum svo áfram í bæinn.“

Siggi sá til þess að sérstakt ástarblóm myndi skila sér til Ingu sinnar þegar komið var til borgarinnar og hún segist vökva það reglulega.

Þau vissu ekki almennilega hvað mætti búast við að mikið myndi

safnast en upphæðin hefur farið fram úr björtustu vonum allra, jafnvel Sigga sem þó sló á nokkuð háa tölu í upphafi enda ekki vanur að fara hálfa leið þegar hann ræðst í sín verkefni.

Siggi segist hafa verið úrvinda eftir að hann kom í bæinn enda svarar lengdin frá Hveragerði til Reykjavíkur til um það bil eins maraþonhlaups: „Hann svaf meira og minna næstu þrjá dagana á eftir“, segir Inga.

„En það var góð hvíld og alveg þess virði,“ bætir Siggi við.

Þrátt fyrir að krabbameinið hafi tekið sinn toll af þreki og mætti Sigga er hann hvergi nærri hættur í starfinu fyrir Ljósíð. Meðan á viðtalinu stóð var hann þegar farinn að skipuleggja önnur stórverkefni fyrir miðstöðina.

„Ég er tilbúinn til að ganga alla leið fyrir Ljósíð,“ segir Siggi. Það hefur hann sannað - bókstaflega.

Heil máltíð í flösku

Næring í fljótandi formi frá Nestlé



Veit á vandaða lausn

Sérstaklega orku- og próteinríkir næringardrykkir. Hjálpa einstaklingum með aukna orku- og próteinþörf m.a. til að hægja á þyngdartapi, viðhalda vöðvastyrk, auka þrek og efla sárgróanda.

Drykkirnir innihalda trefjar sem örva starfsemi þarmabaktería og stuðla þannig að góðri þarmastarfsemi. Þeir eru einnig til án trefja.

Næringardrykkirnir hafa fengið lof fyrir gott bragð, þeir eru fullgild næring og ein flaska af Resource 2,0 + fibre jafngildir einni máltíð.



Resource 2,0+fibre

Magn: 200 ml

Innihald: 400 kcal / 18g prótein.

Bragð: Aprikósa • Jarðarber
Skógarber • Vanilla • Kaffi • Súkkulaði

Resource 2,5 Fibre Compact

Magn: 125 ml

Innihald: 313 kcal / 12 g prótein

Þéttari drykkur - þ.e. meiri orka og prótein á hvern millilítra – góður þegar um lystarleysi er að ræða.

Bragð: Plóma/mangó • Cappuccino

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16. Opið mán - fös 8.30 - 17.00

Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

Aftur af stað til vinnu eða náms

Þær Rannveig Björk Gylfadóttir hjúkrunarfræðingur og Unnur María Þorvarðardóttir iðjuþjálfari hafa umsjón með námskeiði í Ljósínu sem nefnist Aftur af stað til vinnu eða náms.

Eins og nafnið bendir til er námskeiðið ætlað krabbameinsgreindum sem eru að ljúka eða hafa lokið sinni meðferð og stefna aftur út á vinnumarkaðinn eða í nám. Námskeiðið fer fram á 8 vikna tímabili með vikulegum fyrirlestrum þar sem þátttakendur fá fræðslu til að styrkja sig líkamlega og andlega. Fræðslunni er einnig ætlað að veita þátttakendum upplýsingar og verkfæri sem gera þau betur undir búin að fara aftur út á vinnumarkaðinn/nám.

Þátttakendur eru hvattir til þess að taka þátt í umræðum og eru fengnir til að leysa verkefni meðan á námskeiðinu stendur. Viðtal hjá næringarráðgjafa og þolpróf hjá sjúkráþjálfara stendur öllum þátttakendum til boða auk viðtala hjá iðjuþjálfara og hjúkrunarfræðingi.

Gerir fólk færara til að taka næsta skref

Unnur María og Rannveig segja að þær hafi kynnt sér rannsóknir og fróðleik þar sem fjallað er um fólk sem hefur lokið meðferð, annað hvort með lækningu eða lífi með krabbameini. Þær segja að aukin þjónusta við þennan hóp geri fólk færara um að snúa aftur til vinnu eða náms og eykur þannig eigin lífsgæði og þátttöku í samfélaginu.

„Hlutverk okkar sem umsjónarmanna námskeiðsins er að setja niður markmið námskeiðsins ásamt dagskrá og finna fjölbreyttan hóp fagaðila til að kenna það efni sem við teljum að sé mikilvægt. Auk þess erum við viðstaddir alla fræðslufundina til að tryggja samfellu, stýrum umræðum og bjóðum upp á einstaklingsviðtöl/ráðgjöf ef þess þarf,“ segir Unnur María.

Áhersla á bætta heilsu og vellíðan

Markmið námskeiðsins eru að undirbúa fólk undir þátttöku í vinnu eða námi í kjölfar þess líkamlega og andlega álags sem fylgir krabbameini og meðferð við því. Þá er lagt upp úr því



Rannveig Björk
Gylfadóttir



Unnur María
Þorvarðardóttir

að þátttakendur vinni að bættri eigin heilsu og vellíðan og minnki þannig líkur á ýmsum heilsufarslegum áhættuþáttum. Áhersla er lögð á styrkleika hvers og eins og einstaklingsbundna markmiðasetningu.

Unnur María og Rannveig segja að námskeiðið sé öllum opið sem greinst hafa með krabbamein og hafa lokið eða eru að ljúka meðferð og ætla annað hvort að hverfa aftur til sinna fyrri verkefna eða takast á við nýja hluti.

Hægt er að skrá sig í gegnum iðjuþjálfara í Ljósínu, s: 561-3770. Auk þess hefur Ljósíð verið í samstarfi við Virk. Fulltrúi á vegum Virk metur þá þörf skjólstæðinga sinna og býður þeim þátttöku á námskeiðinu með skráningu.



„Hjálpaði mér að setja niður markmið“

Kristín Erla Þráinsdóttir er ein þeirra sem tekið hafa þátt í námskeiðinu Aftur af stað til vinnu eða náms. Hún segir að námskeiðið ekki hafa getað komið á betri tíma fyrir sig: „Ég var engan veginn viss hvað mig langaði að læra og stefna. Þess vegna var alveg frábært að á námskeiðinu var einn tími þar sem náms- og starfsráðgjafi kom og hjálpaði mér að setja niður markmið og sjá hvað mig virkilega langaði að gera. Einnig vantaði mig svona auka spark í að setja niður markmið varðandi hreyfingu. Þá var tíminn með sjúkráþjálfaranum alveg frábær þar sem við fengum aðstoð við að setja niður markmið varðandi hreyfingu og heilsu almennt. Af öllum þeim námskeiðum sem ég hef farið í Ljósínu þá stendur þetta námskeið algjörlega upp úr.“

Stór rannsókn á heilsufari og lífsstíl

Haukur Guðmundsson sjúkraþjálfari hefur um nokkurra ára skeið starfað fyrir Ljósíð. Hann hefur gegnum tíðina annast mælingar og ráðgjöf fyrir miðstöðina og leitast þá við að meta hvernig líkamsrækt hentar hverjum og einum best.

Haukur greindist sjálfur með krabbamein fyrir nokkrum árum og þekkir því af eigin raun til hvers þarf að taka tillit þegar til mælinganna og ráðgjafarinnar kemur.

Hann stundar nú meistaranám í íþrótt- og heilsufræðum og er nú að vinna að lokaverkefni sínu sem hann vonast til að muni nýttast Ljósberum vel í þróun þeirrar þjónustu sem hann býður upp á í Ljósinu.


Haukur segir að rannsóknin sé nokkuð viðamikil: „Ég sótti um leyfi til að gera rannsókn á 50-100 manns og er núna kominn með tæplega 80 mælingar. Ég legg spurningalista fyrir þátttakendur og framkvæmi próf sem meta þrek, jafnvægi og líkamssamsetningu.“

Haukur segir að hér sé um að ræða þætti sem eru flestir lífsstílstengdir heilsufarsþættir, þ.e. þættir sem hafa áhrif á heilsu okkar og við sjálf getum stjórnað sem eigin lífsstíl.



Haukur Guðmundsson
sjúkraþjálfari.

Hann vonast til að rannsóknin varpi skýrara ljósi á hverjir þessara þátta hafi marktæk áhrif á heilsu fólks: „Ég vonast til að komast að því hvort einhverjir hinna mældu þátta séu á skjön við það sem þykir æskilegt. Með því móti mætti rannsaka það betur og mögulega þróa leiðir til að varna þeim. Þetta varpar vonandi skýrara ljósi á þá þætti sem ber að hafa í huga þegar maður leiðbeinir fólki um hvernig er best að bregðast við meðan á krabbameinsmeðferð stendur og í kjölfar hennar.“



Við styrkjum Ljósíð



≡ HÉÐINN ≡



„Við vísum engum frá“



Það er ekki víst að allir geri sér grein fyrir að ákveðin hugmyndafræði liggur að baki starfsemi Ljóssins sem stýrir starfinu og hefur áhrif á alla umgjörð þess.

Grunnhugmyndafræðin byggir á kenningum iðjuþjálfunar en óalgengt er að endurhæfingarmiðstöðum gefist tækifæri til að nýta nálgun iðjuþjálfunar að eins miklu leyti og tekist hefur að gera í Ljósinu. Í Ljósinu starfar einnig fjöldi annarra fagaðila sem hafa áhrif á og taka þátt í að móta starfseminu.

Þess vegna var/er? ekki úr vegi að setjast niður með þremur iðjuþjálfum í Ljósinu til þess að fræðast meira um grunn alls þess sem fram fer í miðstöðinni. Iðjuþjálfarnir eru þær Anna Sigríður Jónsdóttir, Berglind Kristinsdóttir og Unnur María Þorvarðardóttir.

Tökum vel á móti fólki strax frá upphafi

Getið þið lýst því hvaða ferli fer í gang þegar fólk mætir í fyrsta sinn inn í Ljósið?

Berglind: Við leggjum mikið upp úr því að taka vel á móti fólki strax í upphafi. Við vitum að það er oft stórt skref fyrir fólk að taka að stíga yfir þröskuldinn í Ljósinu. Í kjölfar stuttrar kynningar á starfseminni og dagskrá staðarins er fólk boðið að panta tíma í fyrsta viðtal hjá iðjuþjálfara.

Unnur: Við leggjum mikið upp úr að veita einstaklingsmiðaða þjónustu. Fyrsta viðtal felst meðal annars í að kynna fólk til að geta sniðið þjónustuna sem best að hverjum og einum.

Er það samræmt ykkar á milli hvernig þessi viðtöl fara fram?

Berglind: Það má kalla þetta hálfbundið viðtal. Það er ekki alveg fastur rammi en við förum yfir svipaða hluti í viðtalinu. Það er að sjálfsögðu blæbrigðamunur á okkur iðjuþjálfunum en það á ekki að skipta máli hverja okkar fólk hittir. Sama þjónustan er í boði fyrir alla og þessi samræming skiptir miklu upp á gæði þjónustunnar. Viðtölin geta tekið mismunandi stefnu eftir einstaklingum og framvindu samtalsins.

Skjólstæðingsmiðuð nálgun

Þið notist við svokallaða skjólstæðingsmiðaða nálgun. Getið þið sagt mér frá því í hverju hún felst?

Berglind: Hún snýst um að mæta einstaklingnum eins og hann er. Hver og einn velur hvernig hann vill nota Ljósið og stýrir sinni endurhæfingarátætlun. Þetta hefur m.a. áhrif á að flestir eru ánægðir með þjónustuna. Við treystum því að eitt leiði af öðru þegar við kynnum starfseminu, fólk prófar og finnur svo eitthvað annað spennandi í framhaldinu.

Hvernig hefur þessi nálgun iðjuþjálfunar áhrif á menninguna í Ljósinu?

Unnur: Hugmyndafræðin stýrir samskipum okkar við fólk sem kemur hingað inn og skapar umhverfi sem ýtir undir þátttöku í starfinu.

Allir velkomnir í Ljósið

Ljósið hefur þá stefnu að bjóða alla sem greinast með krabbamein velkomna vilji þeir sækja miðstöðina heim. Hefur aldrei komið til

Við styrkjum Ljósið



greina að takmarka aðganginn og meta hverjir eigi rétt á njóta þjónustu Ljósins og hverjir ekki?

Anna Sigríður: Nei, það er mikilvægur hluti af okkar orðspori að hingað séu allir velkomnir. Víða erlendis er verið að nota og búa til matstæki sem meta hverjir eigi/megi að njóta svona þjónustu. Það er eitthvað sem við viljum ekki að stýri okkar starfi. Við höfum farið á ráðstefnur erlendis þar sem við höfum sagt frá því að allir krabbameinsgreindir megi njóta endurhæfingar hjá okkur og það vekur mikla athygli.

Berglind: Ef við færum út í að meta hverjir mættu nota þjónustu okkar værum við strax komin með flöskuháls í okkar starf. Okkar nálgun gerir það að verkum að fólk mætir hingað að eigin frumkvæði. Hér er fólk sem vill hjálpa sér sjálft. Sumir ná ekki að nýta sér þjónustuna til fullnustu alveg frá byrjun en allt hefur sinn tíma og við gefum fólki svigrúm til þess að finna sína leið.

Þið vísið engum frá?

Berglind: Nei, við vísum engum frá, hversu langt sem liðið er á meðferð og hingað koma alltaf einhverjir sem ekki gátu nýtt sér þjónustuna við greiningu en koma síðar og vinna úr sínum málum. Það er pláss fyrir alla hér og það er aldrei of seint að mæta, jafnvel þótt meðferð sé lokið. Þetta á líka við um aðstandendur þeirra sem eru hjá okkur, þeir eru einnig velkomnir.

Bendum á ýmis úrræði í viðtölunum

Snúum okkur aftur að viðtölum ykkar við skjólstæðinga. Getið þið farið aðeins betur í hvernig þau fara fram?

Anna Sigríður: Í fyrsta viðtali erum við að taka vel á móti fólki, safna almennum upplýsingum og setja saman

endurhæfingaráætlun. Þá er einnig farið yfir hvernig viðkomandi tekst á við daglegt líf í krefjandi aðstæðum. Ef þurfa þykir bjóðum við upp á áframhaldandi viðtöl og eftirfylgd. Það er mikilvægt að taka fram að öll viðtöl í Ljósinu eru án endurgjalds.

Unnur María: Við hikum heldur ekki við að benda á aðrar fagstéttir sem geta aðstoðað við að leysa úr málum sem lenda utan okkar þekkingar; hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga, félagsráðgjafa, geðlækna, sjúkráþjálfara eða aðra. Við vísum einnig á stéttarfélög og leysum úr praktískum úrræðum, eins og að panta hjálpartæki.

Trúnaður hlýtur að vera algjört lykilatriði í ykkar starfi?

Berglind: Allir starfsmenn hafa skrifað undir þagnareid.

Unnur María: Sama gildir um þátttakendur í hópum og námskeiðum, þar leggjum við ríka áherslu á að trúnaður ríki milli þátttakenda. Enda mikilvægt að fólk geti opnað sig í umræðuhópum þar sem trúnaður ríkir.

Nú hefur Ljósíð verið starfandi í rúm sjö ár. Þið hljótið að vera orðin reynslunni ríkari eftir allan þennan tíma?

Berglind: Já, auðvitað hefur mikil reynsla byggst upp. Oft duga einfaldar lausnir, eins og að virkja kraftinn í fólkinu. Þá fara hlutirnir að gerast. Við hjálpum fólki af stað og veitum stuðning í ferlinu sem frammundan er. Þetta knýr jafnvel á nýjar breytingar í lífi fólks.

Anna Sigríður: Fólk öðlast vonandi nýja sýn á lífið, fer í ný hlutverk og tekst að koma auga á jákvæðar hliðar þess sem er að gerast í öllu umrótinu. Í Ljósinu gefst fólki tækifæri til að komast yfir hindranir og vaxa í nýjum og breyttum aðstæðum.



Viðtölin nýtast mjög vel

Guðrún Ingólfssdóttir hefur sótt Ljósíð frá árinu 2010 og notið góðs af handleiðslu iðjuþjálfara af og til allan þann tíma. Hún ber fagmennsku iðjuþjálfanna í Ljósinu vel söguna.

Berglind Kristinsdóttir hefur verið iðjuþjálfari Guðrúnar frá upphafi. Guðrún kann því vel að sambandið haldist þannig: „Mér finnst það tvímælalaust kostur að hafa verið hjá sömu manneskjunni frá upphafi. Það ríkir fullt traust og trúnaður og ég legg mikið upp úr því. Við höfum komið inn á ýmislegt í viðtölunum hjá Berglinni en ég hef aðallega nýtt mér þau til að efla sjálfið, bæði líkamlega og andlega“

Guðrún segir að viðtöl við iðjuþjálfara hafi ekki bara nýst henni þegar hún var sem veikust árið 2010 heldur t.d. aftur fyrr á þessu ári: „Í vor kom eitthvað orkuleysi yfir mig. Þá vantaði mig hvatningu og þá hjálpaði Berglind mér.“

Guðrún finnur fyrir því mikil umhyggja er til staðar í Ljósinu: „Það er fylgst með manni, fólk heilsar glaðlega og hlýlega þegar maður kemur inn og spyr hvernig maður hafi það. Það gleymist enginn hérna. Hér ríkir mjög eðlilegt og afslappað andrúmsloft og samband ljósberanna og starfsfólksins er faglegt en jafnframt frjállegt.“

„Mín gæfa að kynnst Ljósínu“

Ragnheiður Haraldsdóttir er kennari við Tónlistarskólann í Kópavogi og kennir einnig tónmennt við grunnskóla í sama bæ. Hún greindist með krabbamein í október í fyrra og kom fyrst í Ljósíð í upphafi þessa árs.

„Vinkona mín dró mig hingað og það var mín gæfa. Hér er mikill líkamlegur, andlegur og félagslegur stuðningur. Ég hef nýtt mér marga af því sem hér er í boði og notið þjónustu ýmissa fagaðila, s.s. hjúkrunarfræðinga, iðjuþjálfara, nuðdara og sjúkraþjálfara. Þetta hefur verið eins og hlaðborð af fræðslu og ég lærði alls konar bjargráð sem ég hef nýtt mér.“

Aðspurð segist Ragnheiður hafa getað nýtt sér úrræði sem hentuðu hverju stigi ferlisins hjá henni. Hún fór til dæmis í hóp nýgreindra og segir að þar hafi myndast mjög góð stemning: „Það var mun meira hlegið en grátið í þeim hóp. Maður var alveg í rusli ef maður missti úr tíma. Þarna sá ég konur sem voru komnar lengra í sínu ferli og þá sá maður að hægt væri að komast yfir þetta. Það var alltaf einhver í hópnum sem gat svarað spurningum, hvort sem þær snerust um aukaverkanir, réttindi eða eitthvað annað.“

Ragnheiður segist nú vera komin meira út í lífið en er þó enn í Ljósínu. Hún tekur t.d. núna þátt í hópnum Gaman saman. Hópurinn brallar marga saman og þegar viðtalið fór fram stóð til menningarferð upp á Akranes. Hún byggir sig líka upp um þessar mundir í líkamsræktarstöðinni Hreyfingu undir leiðsögn Hauks Guðmundssonar sjúkraþjálfara en Haukur hefur starfað með Ljósínu um árabil.



Ragnheiður Haraldsdóttir.

Ragnheiður vill að lokum hrósa Ljósínu fyrir ómetanlegt starf: „Maður heyrir ekkert annað en jákvætt um Ljósíð. Þegar maður er í þessum sporum er mjög mikilvægt að byggja sér upp dagskrá fyrir daginn og reyna að fylgja henni eftir. Þar kemur Ljósíð manni til bjargar og það er það sem er svo stórkostlegt við þennan stað.“

DEKKVERK

☎ **578-7474**

www.dekkverk.is

OPIÐ ALLA DAGA 10 - 19

Lyngás 20, Garðabæ

Verndargripurinn Von hafsins

Nú í haust kom sjómaðurinn og skartgripahönnuðurinn Hilmar Sigurbjörnsson færandi hendi í Ljósíð og gaf Sigurði Hallvarðssyni hönnun sína, Von hafsins. Um er að ræða hálsmen með krossi sem er verndargripur með átta táknum sem hvert hefur sína þýðingu og með sterka tengingu við hafið.

Hilmar hefur unnið að hönnun gripsins frá 2007 og hann var staðráðinn í því frá upphafi að láta hluta af söluinni renna til góðs málefnis: „Ég ákvað að velja þrjú málefni sem ég ætla að styrkja í ákveðinni röð í ákveðið tímabil í hvert skipti. Það að ég valdi Ljósíð sem mitt fyrsta málefni var í raun ákveðið eftir að hafa heyrt af þessu frábæra starfi frá ljósmyndara mínum sem hefur tekið allar ljósmyndir fyrir mig af Von hafsins og reynslu hennar af Ljósinu. Og ég verð að segja að ég er mjög stoltur af því að hafa valið Ljósíð eftir fyrstu kynni mín á þeirri frábæru starfsemi og starfsfólki sem þar vinnur.“

Það hafði mikla þýðingu fyrir Hilmar að fá að færa Sigga Hallvarðs silfurkrossinn sinn: „Það er magnað að sjá hvað einn einstaklingur getur haft hvetjandi áhrif á fólk í kringum sig með gríðarlegum styrk og hetjulegri baráttu eins og hann Siggi hefur sýnt.“



Hilmar Sigurbjörnsson.

YFIR
NÁTTÚRU
LEGUR
VEITINGA
STAÐUR



Laugavegur 20b · Engjateigur 19 · Hafnarborg Hafnarfirði
Sími 553 1111 · www.glo.is · #gloiceland

balance + bond



Verum brjóstgóð

Verð: 2.490,-

